

Tillaga frá bæjarfulltrúum S-lista í bæjarráði 15.febrúar 2024:

“Undirritaðir bæjarfulltrúar leggja til að núverandi áform um lokun dagdvalarinnar Árbliks í 5 vikur sumarið 2024 verði dregin til baka”.

Greinargerð:

Dagdvölin Árblik gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í þjónustu við eldri íbúa sveitarfélagsins. 38 einstaklingar nýta þjónusta Árbliks allt frá einum upp í 5 daga vikunnar. Eins og gefur að skilja er þetta afar mikilvægt þjónustuúrræði sem stuðlar m.a. að því að eldri einstaklingar geta búið lengur sjálfstætt á eigin heimilum þar sem í dagdvölinni fá þjónustunotendur aðstoð við að gæta að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu sinni. Í dagdvölinni er boðið upp á hreyfingu, góða næringu, aðstoð við persónulegt hreinlæti ásamt nærveru. Það er afar slæmt fyrir þjónustunotendur að missa svo mikilvæga rúttínu úr sínu lífi í 5 vikur þar sem fyrir marga einstaklinga er þátttakan í dagdvöl eina ástæða þess að fólk kemst út úr húsi. Í tillögu um sumarlokun dagdvalar er talað um að sparnaður sem hljótist af lokuninni sé u.þ.b. 5 milljónir króna þegar tekið hefur verið tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem þarf að grípa til vegna lokunarinnar. Þrátt fyrir að Svf. Árborg þurfi að horfa í hverja krónu þá er þetta ekki há fjárhæð auk þess sem mögulegt er að spara þessa fjármuni annars staðar. Bæjarfulltrúar S-lista lýsa sig reiðubúna til þess að leggja sitt af mörkum við að finna leiðir til þess að ráðstafa fjármunum þannig að ekki þurfi að koma til þessarar sársaukafullu þjónustuskerðingar.

Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista

Sigurjón Vídalín Guðmundsson bæjarfulltrúi S-lista.